

Fundinn sátu: Kolbrún Pálsdóttir formaður, Annadís G. Rudólfsdóttir, Birna Svanbjörnsdóttir (gegnum skype), Guðlaug Erlendsdóttir (gegnum skype), Guðrún Ragnarsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson og Sólveig Jakobsdóttir

Ritstjórar FUM, Hermína Gunnþórsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, komu inn á fundinn undir lið 5.

Efni fundar:

1. Verkaskipting stjórnar
2. Starfsáætlun 2017-2018
3. Heimasíða félagsins
4. Félagatal
5. Tímarit um uppeldi og menntun
6. Önnur mál

Kolbrún Pálsdóttir, nýr formaður félagsins, setti fundinn, bauð nýja stjórn velkomna til starfa og gekk til dagskrár.

1. Samþykkt var að verkaskipting stjórnaraðila yrði með þeim hætti að Sólveig Jakobsdóttir tæki að sér hlutverk gjaldkera og Birna Svanbjörnsdóttir hlutverk ritara.

2. Í umræðum um starfsáætlun 2017-2018 var samstaða um mikilvægi þess að félagið beindi stöðugt sjónum að og leitaði leiða við að brúa bilið milli fræða og hagnýts starfs á vettvangi. Einnig var ákveðið að félagið myndi standa fyrir ráðstefnu annað hvert ár.

Ýmsar hugmyndir komu upp um leiðir til að tengja fræði og vettvang og ákveðið að stjórnarmeðlimir myndu leggjast á eitt við að vekja athygli á lyklniðurstöðum menntarannsókna, gera fræðigreinar sem birtast í tímariti félagsins aðgengilegar, með því að deila þeim á samfélagsmiðlum, draga saman meginintak þeirra í stuttu máli og kynna starfsemi og áherslur félagsins sem mest út á við.

Ákveðið var að næsta ráðstefna yrði vorið 2018 undir þemanu *Menntastefna*, um það hvernig menntastefna mótast og hver tengsl hennar eru við vettvanginn þar sem litið er til hagnýtingar menntarannsókna. Endanleg dagsetning ráðstefnunnar verður ákveðin í vor en nánari útfærslur bíða haustsins. Áætlað var að bjóða inn fulltrúum hagsmunaaðila í hugarflugsvinnu og í undirbúningsnefnd ásamt félagsmönnum og stjórn félagsins.

3. Rætt var mikilvægi þess að gera heimasíðu félagsins meira lifandi og hefur formaður stjórnar umboð til að uppfæra síðuna.

4. Formaður stjórnar ber ábyrgð á að halda utan um félagatalið en mikilvægt er að nýir félagsmenn geti auðveldlega skráð sig í félagið, t.d. á heimasíðu félagsins.

5. Ritstjórar TUM eru tveir, Hermína Gunnþórsdóttir sem fulltrúi félagsins og Hafdís Guðjónsdóttir sem fulltrúi MVS HÍ. Gert er ráð fyrir að eitt tölublað verði gefið út á prenti í haust en að vorheftið 2017 verði rafrænt. Þær gerðu grein fyrir þeirri staðreynd að tiltölulega fáar greinar hefðu borist tímaritinu og veltu fyrir sér hvað hægt væri að gera til að takast á því þann vanda.

Stjórnarfundur FUM, Félags um menntarannsóknir
Fyrsti fundur nýrrar stjórnar, 10. apríl 2017 kl. 14-15.30

Umræður spunnust um þetta og ýmsar hugmyndir voru ræddar. Það sem einkum var talið vænlegt til árangurs var að:

- Endurskoða og lagfæra galla í rafrænu móttökukerfi greina.
- Virkja tengslanet við FUM, vera rödd fyrir menntarannsóknir.
- Veita höfundum stuðning við skrif/fræðileg vinnubrögð, t.d. í vinnusmiðjum í tengslum við ráðstefnur.
- Sýna fram á að efni greina sem birtast í TUM nýtist starfi á vettvangi.
- Gera samantekt úr greinum fyrir vettvanginn.
- Taka stutt viðtöl við höfunda þegar grein eftir þá birtist í tímaritinu.

6. Önnur mál:

- Fjöldi funda á ári: Að jafnaði er gert ráð fyrir 5-6 fundum á ári en mánaðarlegum fundum vorið 2018.
- Samskipti stjórnarmeðlima: Stofnaður verði lokaður Facebook hópur til samskipta milli funda.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Birna Svanbjörnsdóttir, ritari